Nr. 7.
19.
júní.

# Lög

um

síldveiði fjelaga í landhelgi.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fiskiveiðar í landhelgi mega fjelög eigi reka, er þegnar annara ríkja eiga hlut í. Þó mega hlutafjelög reka síldveiðar í landhelgi, ef meir en helmingur fjelagsfjárins er eign þegna Danakonungs, og fjelagið hefur heimilisfang á Íslandi, og stjórn þess er skipuð þegnum Danakonungs, enda sje að minnsta kosti meiri hluti þeirra heimilisfastur á Íslandi.

2. gr.

Áður en hlutafjelag tekur til starfa, skulu samþykktir þess sýndar lögreglustjóra, þar er fjelagið hefur heimilisfang eður og veiðistöð, svo og breytingar, er síðar verða gjörðar á þeim, og skulu lögreglustjórar gæta þess, að þær sjeu lögum samkvæmar, og hafa eptirlit með því, að lögum þessum sje fylgt. Að öðru leyti eru slík fjelög, að því er fiskiveiðar snertir, háð landslögum um fiskiveiðar í landhelgi.

3. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara eptir reglum þeim, er gilda um almenn lögreglumál; varða brotin sektum frá 20—400 kr., er renna í landsjóð, og skal hið ólögmæta veiðifang, eða þess virði, gjört upptækt, og falla til landsjóðs.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg 19. júní 1888.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

# Lov

Nr. 7.
19de Juni

angaaende

## Interessentskabers Sildefiskeri paa Søterritoriet.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Fiskeri paa Søterritoriet maa ikke drives af Interessentskaber, hvori fremmede Undersaatter ere Deltagere. Dog kunne Aktieselskaber drive Sildefiskeri der, forsaavidt over Halvdelen af Aktiekapitalen tilhører den danske Konges Undersaatter, og Selskabet har Hjemsted paa Island, og dets Bestyrelse bestaar af danske Undersaatter, hvoraf over Halvdelen er fast bosat paa Island.

§ 2.

Forinden et Aktieselskab begynder sin Virksomhed, skulle dets Vedtægter og de senere dertil føjede Ændringer forevises Politimesteren paa det Sted, hvor Selskabet har Hjemsted eller driver Fiskeri; Politimesteren har at paase, at de ere stemmende med Lovgivningen, samt føre Tilsyn med denne Lovs Overholdelse. Iøvrigt er et saadant Selskab med Hensyn til Fiskeriets Udøvelse undergivet Landets Lovgivning om Fiskeriet paa Søterritoriet.

§ 3.

Overtrædelser af denne Lovs Forskrifter blive at forfølge under de for offentlige Politisager gjældende Former og straffes med Bøder fra 20—400 Kr., der tilfalde Landskassen, hvorhos Udbyttet af det ulovlige Fiskeri eller dettes Værdi skal være forbrudt til Landskassen.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 19de Juni 1888.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

**(L. S.)**

*J. Nellemann.*